

Leikskólinn Austurkór



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2022 – 2023**

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	3
Skólastarfið.....	3
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat.....	5
Umbótaáætlun	5
5. Áherslur í starfi leikskólans.....	6
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
6. Foreldrasamstarf	6
Foreldraráð.....	6
Foreldrafélag	7
Starfsmannamál	7
Samsetning starfsmannahópsins.....	7
Skipulagsdagar.....	7
7. Aðrar upplýsingar	8
Fjöldi barna.....	8
Húsnæði og lóð.....	8
Skólaárið 2021 - 2022	8
Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023.....	8
Öryggismál.....	9
8. Fylgigögn.....	10
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	10
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	10
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	10
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	10

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2021-2022 voru 83 börn innrituð í skólann að hausti. Skólanum var skipt í Bláa gang, Gula gang og Perlu. Náið samstarf var á milli Gula og Bláa gangs þar sem nokkur aldursdreifing var í barnahópnum. Perla opnaði í ágúst 2021, þar sem yngstu börnin hófu sína skólagöngu, þar var aldursdreifing lítil.

Áfram var unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia, lögð áhersla á samvinnu, lýðræðisleg vinnubrögð og að efla börnin til sjálfshjálpar.

Haustið 2021, fluttist hluti starfsemi Leikskólans Efstahjalla til okkar í Austurkór og var hjá okkur í nokkrar vikur.

Skólaárið 2022-2023 eru 64 börn innrituð í skólann. Því miður tókst ekki að opna allan skólann, eins og vonir stóðu til, vegna starfsmannaeklu. Nokkur breyting verður í aldursdreifingu í barnahópnum sem nú yngist töluvert. Vorið 22, hættu 23 elstu börn sem hófu grunnskólagöngu í haust, en skólaárið 2022-2023 verða elstu börn einungis 7.

Horfið verður aftur til deildarstarfs með flæði á milli deilda eftir hádegi. Þar sem vonir standa til þess að skólaárið 2022-2023 verði án takmarkana og atvika eins og leka eða óvæntra heimsókna verður endurvakið samstarf við hjúkrunarheimilið Boðaping og að sama skapi tekin upp þráðurinn í Blær brúar bilið.

3. Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið

Í Austurkór viljum við að börnin sem útskrifast úr skólanum hafi öðlast færni í að vinna í hópi, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhyggð. Að börnin séu meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrist. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Hornsteinar skólastarfsins endurspeglast í námslotum en skólaárinu er skipt upp í þrjár lotur og eru þær nefndar eftir gildum skólans – samvinna – lýðræði og atorka.

Starfsaðferðir skólans miða að því að börnin hafi áhrif á nám sitt, verkefnaval og skólaumhverfið. Samvinna er mikil á milli kennara og barna sem og í barnahópnum sjálfum og styður aldursblöndun deilda og flæðandi dagsskipulag við samkennd, umburðarlyndi, hlustun og jafningjaleiðsögn.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Innra mat veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Austurkór eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		X	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	X	X	X	x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	X	X	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	X	X	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	X	X	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		X		x
Námssvið leikskólans	x	X	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	X	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		x

Velferð og líðan barna	x	X	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		X		x
Viðhorf foreldra		X		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		X		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		x
Opinber birting og umræður		X		x

Innra mat 2021-2022

Á vordögum 2022 var farið í heildarmat á námsþættinum læsi og samskipti. Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2020-2021 nema nú var bætt um betur og foreldrar og börn fengin til að taka þátt í matinu. Matsteymi var sett saman í lok maí. Farið var inná allar deildir og ákveðnir þættir metnir út frá gátlistunum, einnig svaraði starfsfólkið og foreldrar rafrænum skoðanakönnunum.

Efnistöð matsins voru flokkuð niður í samverustundir, Lubba, Blæ, líkamlega umhirðu, frjálsan leik, umhverfi, aðlögun, matartíma, ævintýraferðir, fataklefa, sjálfstýrandi þing og kennaraþing. Einnig var settur saman spurningarlisti fyrir börnin á leikskólanum og var rætt við hluta barnahópsins út frá honum. Matsteymi skólans vann úr niðurstöðunum og kom með tillögur um úrbætur þar sem þess reyndist þörf.

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2022.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar er að starfsfólk lýsir miklu álagi í vinnu, sem tilraun til að bregðast við því var starfsfólki gefin kostur á að auka við tímum í vinnustyttingu og kusu rúmlega 90% starfsmanna að fara yfir í fulla styttingu. Einnig var brugðist við kalli starfsfólks um að fara aftur að vinna á deildum en ekki göngum eins og gert var árið áður.

Nokkur hluti starfsmanna óskar eftir meiri stuðningi frá næsta yfirmanni og betri skýrleika hlutverks. Skólaárið 2022-2023 er stefnt að því að bæta í nýliðabjálfun með markvissari samtölum við nýja starfsmenn, auk þess sem að ófaglærðu starfsfólki verður gefið tækifæri til undirbúnings eins og frekast er kostur.

Starfsfólk lýsir almennt góðri liðsheild og menningu í Austurkór og sérstaklega er starfsfólk ánægt með stuðning við börn við sérþarfir og aðgengi að sérfræðingum vegna þeirra.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks

um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Austurkór er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjal 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Niðurstöður innra mats sýna að þörf er á að vinna í auknu mæli með hljóðkerfisvitund eins og stöðu hljóða, rím og fleira. Sett verða inn markmið og leiðir þessu tengdu í starfsáætlun deildanna. Ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar og halda þeir utan um það að unnið sé að þessum markmiðum. Eftirfylgni tvisvar á önn er í höndum sérkennslustjóra.

Sett verður á laggirnar „Hljómsveit“ haustið 2022. Í Hljómsveitinni verður næst elsti árgangur leikskólans hverju sinni en verkefnið er hugsað til lengri tíma. Hópurinn hittist einu sinni í viku. Aðaláherslan verður á málörvun, að efla orðaforða, hlustun, málhljóð, rím og samsett orð. Einnig verður unnið með tölur og talnaskilning.

Settur verður saman hópur tvítyngdra barna og ÍSAT barna sem hittist vikulega með kennara. Aðaláherslan verður á málörvun, orðaforða, hlustun, málhljóð og rím.

Eins og áður verður áhersla á að efla lýðræðisvitund og samvinnu barnanna í skólanum. Farið verður í ævintýraferðir þar sem nánasta umhverfi skólans verður kannað. Einnig verður farið í lengri ævintýraferðir eins og efni og aðstæður leyfa.

Gert verður átak í að nota námsefni skólans með markvissari hætti s.s. vísindavagn, ljósaborð og hljóðfæri. Liður í áttakinu er að búa til einskonar „uppskriftarbók“ með hugmyndum hvernig nota má námsefnið, sem verður aðgengileg öllu starfsfólki skólans.

Hætt verður við starfsemi nefnda á skólaárinu. Þess í stað verður unnið í nokkurskonar lotum með ákveðna námsþætti/námsefni eða tiltekin umbótarverkefni í forgrunni. Minni hópar starfsfólks taka þá að sér fyrirfram ákveðna vinnu sem þeir síðan deila með öðru starfsfólki skólans. Þannig vonumst við til þess að reynslu minna starfsfólks hafi verkfæri til þess að kafa dýpra ofan í faglegt starf.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og til að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla þarf að skapa tengsl sem einkennast af trausti, virðingu og hlustun. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að í Austurkór ríki heimilislegt andrúmsloft. Við teljum að þannig andrúmsloft skapist með trausti, virðingu, samtali og sameiginlegum ákvörðunum um starf skólans.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áhersluþætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um ýmsar áætlanir og hefur áhrif á stefnumótun

skólans. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Foreldrafélagið er í góðum samskiptum við stjórnendur og skipuleggja saman ýmsa þætti í skólasamfélaginu.

Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Skólaárið 2022-2023 er gert ráð fyrir 12,5 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 20% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75% stöðu sérkennslustjóra, 80% stöðu sérgreinastjóra og 100% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Unnið verður að því að fjölga í starfsmannahópnum og um leið fjölga börnum í skólanum.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglunga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur. Í skólanum starfa uppelds- og menntunarfræðingar, tómstunda og félagsmálafræðingur, starfsfólk með aðra háskólamenntun, leiðbeinendur auk leikskólakennara. Í skólanum eru fimm starfsmenn sem stunda nám í leikskólakennarafræðum, bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna eftir því sem mögulegt er. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn. 2. september – starfsmenn sitja námskeið um starfsanda og menningu, haldið af Þekkingarmiðlun. Eftirfylgni mun eiga sér stað á starfsmannafundi í nóvember.
2. Fimmtudaginn 25. nóvember – Námskeið í slysavörnum f.h. Eftir hádegi undirbúningur starfsins framundan.

3. Mánudagurinn 2.janúar - vorönn 2023 verður undirbúin. Lagt verður mat á starf haustannar 2022 (m.a. viðburði). Tekinn upp þráðurinn í skólanámskrágerð frá fyrra skólaári.
4. Miðvikudagurinn 15.mars – undirbúningur starfsins fram á vor. Haldið áfram með skólanámskrá.
5. Föstudagurinn 19. maí – undirbúningur sumardagskrár. Haldið áfram með skólanámskrá.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

7. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Haustið 2022 eru 64 börn skráð í leikskólann. Til stendur að fjölga þeim eins og frekast er unnt strax og starfsfólk fæst til starfa.

Sex börn eru fædd 2017, 23 börn fædd 2018, 9 börn 2019, 20 börn fædd 2020 og 6 börn fædd 2021.

Fimmtán börn eru tvítyngd (þar af 9 ÍSAT börn).

10 börn eru með 9 stunda dvalartíma á dag, 16 börn eru með 8,5 stunda dvalartíma á dag, 3 börn eru með 8,25 stunda dvalartíma á dag, 27 börn eru með 8 stunda dvalartíma á dag, 1 barn með 7 stunda dvalartíma á dag, 1 barn með 7,25 stunda dvalartíma á dag, 5 börn eru með 7,5 stunda dvalartíma á dag, 1 barn með 4,5 stunda dvalartíma á dag.

Sérkennsla: fjögur börn tilheyra 1-2 flokki, eitt barn tilheyrir 4 flokki, samtals er um að ræða 25 stundir.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2021 - 2022

Í september 2021 var gert við lóð austan megin við húsið. Settar voru nýjar grasþökur og gróðursett tré með það að markmiði að draga úr vindi við húsið.

Nýr dúkur var settur á Bláa gang eftir leka. Bætt var við sófa á Rauða gangi. Loka málun og fleira eftir framkvæmdir ársins áður voru kláraðar á skólaárinu.

Í eldhúsi var skipt um ísskáp og frysti eftir að leki kom upp í gegnum sprinklerakerfi í lofti. Loftræstikerfi var hreinsað sumarið 2022. Gólf voru bónum sumarið 2022.

Lóðin seig nokkuð veturinn 2021-2022.

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

Óskað er eftir fleiri leiktækjum á lóð sem henta ungum börnum. Ljóst er að aldurssamsetning barna þetta skólaár er með þeim hætti að skólalóðin þjónar ekki nægjanlega vel þeirra þörfum.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Skólaárið 2021-2022, (ágúst – ágúst) urðu 11 slys í skólanum, þar af 9 á börnum. Eitt slys má flokka sem miðlungs alvarlegt, önnur minniháttar.

8. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags	Fleiri á námskeið og hefja fyrirlögn	2022/2023	Sérkennslustjóri	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	Námskeið
Auka vægi lesmáls	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Búinn verður til orða- og myndabanki	2022/2023	Deildarstjórar	Að til sé orða- og myndabanki sem er í notkun í leikskólanum. Endurmat deilda	Niðurstaða endurmats leiddi í ljós að starfsfólki fannst vanta góðan orða- og myndabanka til að hjálpa við að efla vægi lesmáls.
Mynda rólegt og notalegt andrúmsloft í matartímum	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Búa til lagalista inni á Spotify með notalegri tónlist. Setja dúka á borðin til að dempa hávaða og fá heimilislegri stemningu. Búa til kveikjur að umræðuefnum fyrir hverja deild. Samræma reglur og viðmið í matsalnum.	Haut 2022	Deildarstjórar	Að börn og starfsfólk upplifi fleiri gæðastundir í matartímum þar sem hægt er að ná góðu spjalli. Endurmat deilda	Niðurstaða endurmats vor 2022 sýndi að starfsfólki finnst ekki tækifæri til þess að skapa gæðastundir í matartímum.
Nýta umhverfið betur til að styðja við læsi og samskipti	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Deildarstjórar og starfsmenn setja niður í starfsáætlun deilda, markmið og leiðir í tengslum við	2022/2023	Deildarstjórar	Endurmat á starfsáætlun deilda	Niðurstaða endurmats leiddi í ljós að það mætti nýta betur

		að nýta umhverfið til að styðja við læsi og samskipti.				umhverfið til að styðja við læsi og samskipti
Hlusta á og læra meira af þulum, ljóðum og lögum	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Setja saman bækling með þulum, ljóðum og lögum fyrir hvern mánuð sem hentar aldri og þroska barnanna. Nýta bæklinginn í starfinu svo sem í samverustundum og fjörfundum.	Haust 2022	Deildarstjórar	Að bæklingur sé á hverri deild og að hann sé í notkun. Endurmat deilda	Niðurstaða endurmats sýndi að við erum dugleg að syngja en mættum auka fjölbreytnina í lagavali ásamt því að tengja meira við aðra þætti starfsins.
Kynna ólík tungumál fyrir börnunum	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Setja inn í bæklinginn sem talað er um hér að ofan lög á ólíkum tungumálum og fá foreldra tvítyngdra barna til að koma með þekkt lög frá þeirra landi.	Haust 2022	Deildarstjórar	Að bæklingurinn innihaldi lög á ólíkum tungumálum, t.d frá heimalandi foreldra tvítyngdu barnanna. Endurmat deilda.	Niðurstaða endurmats sýndi að við þurfum að efla okkur í kynningu á mismunandi tungumálum svo börnin þrói jákvætt viðhorf gagnvart ólíkum tungumálum.
Vinna með stöðu hljóða í orðum, orð og rím	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Markmið og leiðir sett inní starfsáætlun deilda. „Hljómsveit“ sett á laggirnar fyrir næst elsta hóp skólans.	Haust 2022	Deildarstjórar (eftirfylgni í höndum sérkennslustjóra)	Endurmat á starfsáætlun deilda. Endurmat deilda.	Niðurstaða endurmats sýndi að það mætti vinna hnitmiðaðra og

		Höldum áfram með Lubba og vinnum markvisst að því að hann komi virkari inná allar deildir.			Endurmat á „Hljómsveit“	dýpra með þessa þætti í starfinu.
Styðja betur en áður við tvítyngd börn	Endurmat á námsþættinum læsi og samskipti	Settur verður saman hópur tvítyngdra barna sem hittist vikulega með kennara. Áhersla á málörvun í víðum skilningi	Haust 2022	Sérkennslustjóri	Endurmat á hópi tvítyngdra barna.	Endurmat sýndi að við þurfum að bæta stuðninginn með tvítyngdum börnum.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs	Endurmat frá 2021 og umræða stjórnenda	Samskiptanámskeið, hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2022/2023	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks	Lagt var upp í svona vinnu við að styrkja starfsandann í fyrra og var hún rétt komin af stað þegar takmarkanir vegna COVID stóðu í vegi fyrir frekari vinnu. Skólaárið 2022-2023 verður haldið áfram og var fyrsti áfangi þess að sitja námskeið í samskiptum á skipulagsdegi 2. september.
Markvissara mat á framförum barna	Umræða stjórnenda	Nýta TRAS sem tæki til að hafa yfirsýn fyrir hvert og eitt barn	2022/2023	Sérkennslustjóri/Deildastjórar	Endurmat deilda,	Fyrirkomulagið sem er nú við lýði er ekki að

					fjölbreyttari matsform	virka sem skildi og var því ákveðið að breyta í annað fyrirkomulag.
Efla skráningar á deildunum	Umræða stjórnenda	Deildir setji sér markmið og leiðir í starfsáætlun deilda til að efla skráningar á deildunum	2022/2023	Deildastjórar/Stjórnendateymi	Endurmat deilda, skráningar sýnilegri	Á seinasta skólaári fengu starfsmenn fræðslu um skráningar og nú er því kominn tími á að festa í sessi það verklag.

Fylgiskjal 2–Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	September til nóvember 2022	30 mín pr. Starfsmann	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina, skólanámskrá, heimasíðu og fleira efni sem nýtist nýjum starfsmanni	1x mánuði	u.þ.b. 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Mentor viðkomandi starfsmanns.
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir: Samráð, fræðsla, endurmat	Þetta hópinn, stilla strengi	Annan hvorn mánuð frá ágúst til júní	2 tímar í senn	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námskeið um samskipti og góðan starfsanda og hópefli	2. september og 17. október á starfsmannafundi.	8 tímar	Unnið á vinnutíma. Námskeið frá þekkingarmiðlun. Kr: 120.000	Leikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kosið í stjórn félagsins og verkum skipt á milli stjórnarmeðlima. Línur lagðar fyrir veturinn	Lok september	2 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Námskeið í slysavörnum barna	17. nóvember	8 tímar	100.000 kr	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur		2.jan	8 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur		15.mars	8 tímar		Leikskólastjóri
Deildastjórar og aðrir stjórnendur skólans	Deildarstjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	Ein klukkustund í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	19. maí	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Sérkennarar	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í viku	60 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri